

# Um helgina






## Annríki í Norræna

Mikið er um að vera í Norræna húsinu þessa dagana, og stöðugur straumur af gestum, einkum ferðamönnum frá Norðurlöndum. Þrjár sýningar eru í gangi í


húsinu. A bókasafninu hefur Elsa Guðjónsen sett upp sýningu á íslensku kvensilfri og þjóðbúningum. Í anddyrinu sýna tveir Danir grafíkmyndir frá Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Þeir eru Kjeld Heltoft og Svend Havsteen Mikkelsen, og er sá síðarnefndi af íslenskum ættum.

Síðast en ekki síst er svo sumarsýningin í kjallaranum. Þar sýna þeir Benedikt Gunnarsson, Jóhannes Geir og Sigurður Þórir Sigurðsson málverk, og Guðmundur Elíasson sýnir höggmyndir.

A fimmtudagskvöldum er „opið hús“ fyrir norræna ferðamenn og hefur það verið mjög vel sótt, t.d. var fullt út úr dyrum þar í fyrra kvöld. — ih



Svipmyndir úr Norræna húsinu.



Myndröðin „Eg er...“ eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Ljós. — gel —

## Þrjár konur að Kjarvalsstöðum

A Kjarvalsstöðum stendur enn yfir hin stórmerka sýning á verkum þriggja mikilhæfra íslenskra listakvæna: Kristínar Jónsdóttur, Gerðar Helgadóttur og Ragnheiðar Jónsdóttur.

Yfirlitssýning á verkum þeirra Kristínar og Gerðar er gagnmerk og gefur góða hugmynd um afköst og snilld þessara tveggja kvæna, einsog margoft hefur verið bent á hér í blaðinu.

Ragnheiður Jónsdóttir sýnir

verk sem hún vann sérstaklega fyrir Listahátíð, sex grafíkmyndir sem hún kallar „Eg er...“. Að sögn Ragnheiðar sýnir flokkurinn karlavelðið. Myndirnar lýsa þróun karlmanns sem hefur völd. Hann hefur spjöld fyrir augum og tappa í eyrum og á síðustu myndinni er hann orðinn að stytta með blómsveig. Það er erfitt að lýsa þessum myndum, ýmislegt kemur inn í þær og hefur sín áhrif á þróun mannsins, einkum leikur listamaðurinn sér að dagblaði,

sem býsna fróðlegt er að rýna í. Frelsið kemur við sögu og er andstætt völdunum. En sjón er sögu ríkari, og eru lesendur hvattir til að skoða myndaflokkinn þar sem hann hangir á austurganginum. Ragnheiður Jónsdóttir er tvímælalaust í hópi okkar albestu grafíklistamanna og hafa verk hennar vakið athygli víða um heim.

Sýningarnar að Kjarvalsstöðum eru opnar daglega kl. 2 til 10. Þeim lýkur 27. júlí. — ih



Þessi mynd Valdísar er úr bókinni Fosterjord. Myndin er búin til úr tveimur filmum. Ljós. — gel —

## Valdís sýnir í Djúpinu

Valdís Óskarsdóttir opnaði í gær sýningu á ljósmyndum í Djúpinu við Hafnarstræti. Þar sýnir hún myndir úr bókunum „Rauði svifnökkvinn“ og „Fosterjord“ auk nokkurra fleiri mynda.

Rauði svifnökkvinn kom út 1975, og unnu þau bókina saman, Valdís og Ólafur Haukur Simonarson. Fosterjord er ljóðabók eftir finnsk-sænska skáldkonu, Gurli Lindén, og kom út í fyrra. Myndir Valdísar í þeirri bók hafa vakið mikla athygli og verið sýndar í Finnlandi.

Lesendur Þjóðviljans kannast

vel við ljósmyndir Valdísar, því hún hefur birt margar myndir og myndasögur hér í blaðinu. Einnig hafa smásögur eftir hana birst í Þjóðviljanum (t.d. í síðasta Sunnudagsblaði), enda er Valdís ekki síður þekkt fyrir ritstörf sín en ljósmyndunina. Hún hefur gefið út 3 barnabækur, samið margar smásögur og útvarpsþætti af ýmsu tagi.

Sýningin í Djúpinu er opin daglega frá morgni til kvölds, á opnunartíma veitingastaðarins Hornið, sem er í sama húsi. Myndirnar eru allar til sölu. — ih

## Flugkabarett á Borginni

Júlíleikhúsið frumsýndi Flugkabarett á Hótel Borg í fyrra kvöld fyrir fullu húsi og við mjög góðar undirtektir. Sýningar eru í júlímánuði á fimmtudags- föstudags- og laugardagskvöldum, og einnig á sunnudögum kl. 16 fyrir alla fjölskylduna.

Eddu Þórarinsdóttur, Sögu Jónsdóttur, Eddu Björgvinsdóttur og Guðlaugu Mariu Bjarnadóttur. Skrokk flugvélarinnar og búninga hannaði Sigurjón Jóhannsson, tónlistin er eftir Karl Sighvatsson og flugvélstjóri er Þórir Steingrímsson. Flugferðin tekur eina klukkustund.

Brynja Benediktsdóttir leikstýrir Flugkabarett og er jafnframt höfundur verksins ásamt þeim Erlingi Gíslasyni og Þórunni Sigurðardóttur. Flugstjóri er Gísli Rúnar Jónsson, og flugfreyjurnar eru leiknar af

Gestum er gefinn kostur á snarli og léttvini fyrir sýningu og meðan á henni stendur. A eftir er dansleikur fyrir þá sem vilja. Hægt er að kaupa miða á sýninguna einungis, eða á sýninguna og dansleikinn í senn. — ih



Leikendur í Flugkabarettinum á Borginni. — Ljós. — gel —